

Dómsorð:

Ákærði Gylfi Þór Eiðsson sæti fangelsi 6 mánuði og ákærði Karl Eron Sigurðsson fangelsi eitt ár. Til frádráttar refsingunum komi gæzluvarðhaldsvist ákærðu, Gylfa Þórs í 79 daga, en Karls Erons í 77 daga.

Ákærðu eru sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. janúar 1958.

Nr. 220/1957. Ákærvaldið

gegn

Y.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávisun máls frá héraðsdómi. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 14. júlí 1957 kom fyrir sakadóm Reykjavíkur stúlkan X, til heimilis í London. Hafði hún komið til landsins hinn 27. júní 1957 og bjó nú á gistihúsinu Garði í Reykjavík. Fyrir dóminum skýrði stúlkan svo frá, að um kl. 20.15 —20.30 kvöldið áður hefði hún verið á göngu hjá Tjörninni í Reykjavík. Hjá henni nam þá staðar bifreið undir stjórn einkennisklædds manns, sem var einn í bifreiðinni. Maður þessi bauð stúlkunni akstur, og þáði hún það. Kvað stúlkan síðar, að frumkvæði mannsins, hafi orðið samkomulag þeirra í milli um að fara í veitingahús til kaffi-drykkju. Að því loknu fylgdist hún með manninum til herbergis í húsi nokkru, þar sem henni virtist hann eiga heima. Eigi gat stúlkan lýst því, hvert hús þetta var, og engin tilraun virðist hafa verið gerð til þess að láta hana benda á það. Er í herbergið kom, var sett að vindrykkju, og kveður stúlkan manninn hafa borið fyrir sig bæði bland-

að og óblandað whisky, er hún neytti. Hún kveður manninn síðan hafa leitað atlota við sig, og er hún veitti mótspyrnu, hafi hann hótað henni bana, barið hana og, að því er hún telur, reynt að hafa samræði við hana gegn vilja hennar. Í átökum þessum kveðst stúlkan hafa veitt manningum viðnám og klórað hann í andlitið. Lauk skiptum þeirra svo, að sögn stúlkunnar, að maðurinn ók henni í grennd við gistihúsið Garð og ýtti henni þar út úr bifreiðinni. En vegfarendur hjálpuðu henni til gistihússins og gerðu viðvart lögreglunni, sem kom henni til læknis. Í vottorði læknisins segir svo: „Stúlkan hefur auðsjáanlega hlotið slæmt taugaáfall, grætur og barmar sér yfir örlögum sínum og líklegum „afleiðingum“ þeirra. Vinlykt er úr vitum hennar, klæði meira og minna úr lagi færð og blóði stokkin öll að framan. Vinstri kinn sjúklingsins er mjög bólgin. Hreyfingar í kjáلكalið eru þó óhindraðar og eymslalausar. Efri vör er einnig upphlaupin svo og nef, og eru blóðdrefjar í báðum nösum . . . Innanvert á hægri læri eru skrámur, ferskar, að því er virðist. Engir grunsamlegir blettir finnast þar í kring né á kynfærabörmum (labiae majorae)“. Þá fundust í kynfærum stúlkunnar sáðfrumur (spermatozoar).

Ungfrú X skýrði lögreglunni frá því, að maður sá, er hún átti fyrrgreind skipti við, hefði verið í einkennisbúningi ameríska flughersins. Um kl. 10 árdegis hinn 14. júlí 1957 sá varðstjóri rannsóknarlögreglunnar varnarliðsbifreið í grennd við veitingahús eitt í Reykjavík. Varðstjórinn fór af þessu tilefni inn í veitingahúsið til athugunar. Sat þá ákærði þar og „var mjög klóraður í andliti“, en ákærði er höfuðsmaður í flugher Bandaríkjanna hér á landi Varðstjóri tjáði ákærða nú, að hann væri grunaður um sakir þær, er áður er lýst, og færði hann til rannsóknar. Ákærði kom samdægurs fyrir sakadóm. Hann skýrði svo frá, að kvöldið áður, milli kl. 20 og 21 á að gizka, hefði hann ekið bifreið meðfram Tjörninni í Reykjavík. Sá hann þá stúlku þar á göngu, nam staðar og bauð henni akstur. Þáði stúlkan það. Fóru þau síðan í veitingahús að boði

ákærða og drukku þar kaffi. Bauð ákærði stúlkunni síðan til herbergis, er hann hafði tekið á leigu í húsi einu í Reykjavík. Er þangað kom, veitti ákærði stúlkunni whisky, sem hann kveður hana hafa drukkið óblandað. Eftir að stúlk-
an hafði neytt áfengisins, hafði hún gerzt vanstillt og sak-
að ákærða um að ætla að nauðga sér. Ákærði neitaði því
hins vegar að hafa sýnt stúlkunni nokkur atlot eða veitzt
að henni á nokkurn hátt. Hins vegar hafi hann reist hana
upp, er hún hafði dottið á gólfið, en hún þá klórað hann
í andlitið. Kveður ákærði sér þá hafa fallizt hendur og
hann sleppt tókum á stúlkunni, en hún þá fallið aftur á
gólfið. Er stúlkán síðan reis á fætur, blæddu henni nasir,
og flóði blóð á fót hennar. Fékk ákærði henni þá hand-
klæði til að þerra blóðið. Ákærði kveðst síðan hafa beðið
stúlkuna að hafa sig á brott, en hún verið treg til þess. Loks
kom þar, að ákærði ók stúlkunni að gistihúsinu Garði, þar
sem hún tjáðist eiga heima, og fór hún úr bifreið hans í
grennd við gistihúsið. Er ákærði var tekinn höndum, fannst
blóðugt handklæði í bifreið hans, en eigi verður séð, að
rannsakað hafi verið, hvort það blóð gat stafað frá ung-
frú X. Ákærði hefur í síðari prófum málsins haldið fast
við þann framburð sinn, að hann hafi ekki leitað samfara
við stúlku þá, er að framan getur, né veitzt að henni með
ofbeldi.

Fram er komið í málinu, að leiguharbergi ákærða var
í húsinu nr. 6 við Miðstræti í Reykjavík. Grímheiður Páls-
dóttir húsfreyja þar, sem leigði ákærða herbergið, kveðst
umrætt kvöld hafa heyrt þar hávært samtal karls og konu,
er fór fram á ensku. Virtist ósætt með persónum þessum.
Neyðaróp eða sviptingar kveðst Grímheiður hins vegar eigi
hafa heyrt, en kveður hljóðbært vera í húsinu. Síðar sá
hún ákærða og stúlku, sem var í fylgd með honum, í and-
dyri hússins, og virtist stúlkán mjög drukkin og hár hennar
úfið. Er Grímheiður kom fyrir dóm, var ungfrú X farin
af landi burt. Urðu þær því leiddar saman fyrir dómi.

Að loknu dómprófi hinn 14. júlí 1957 var ákærði úr-
skurðaður í gæzluvarðhald. Sat hann í því til 16. s. m., er

hann var afhentur herstjórn Bandaríkjanna gegn loforði hennar um, að hann færi ekki úr landi og kæmi fyrir dóm, er þess væri krafizt. Hefur ákærði síðan sætt gæzlu á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hinn 15. júlí 1957 hefur héraðsdómari fært til þingbókar, að ungfrú X „hafi verið mjög miður sín í yfirheyrslum hér og tekið þær aug-sýnilega mjög nærri sér. Hefur hún sérstaklega beðizt undan því að þurfa að sjá kærðan og verið skelfingu lostin, ef á það hefur verið minnzt. . . . Vegna þess, er nú var rakið, þykir óhjákvæmilegt að láta undan fallast að samprófa vitni þetta og kærðan“. Hinn 16. júlí 1957 fór stúlkan síðan af landi burt með leyfi dómarans, án þess að samprófun hennar og ákærða væri reynd. Eigi verður séð, að héraðs-dómari hafi leitað álits læknis um, hvort heilsa stúlkunnar leyfði samprófun eða ekki. Sama dag bar réttargæzlumaður ákærða, Benedikt Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, fram í dómi mótmæli gegn því, að ungfrú X hefði verið leyfð för úr landi, án þess að hún hefði áður verið samprófuð við ákærða, og vitnaði lögmaðurinn í því sambandi til ákvæða c-liðar 9. tl. 2. gr. sammings um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna frá 8. maí 1951, sbr. lög nr. 110/1951.

Prófum málsins var nú fram haldið með nokkrum hléum til 30. júlí 1957. Var málið síðan sent Dómsmálaráðuneyti til fyrirsagnar, og hinn 27. ágúst 1957 gaf dómsmálaráðherra út ákæruskjal á hendur ákærða. Var ákærði sakaður um að hafa laugardagskvöldið 13. júlí 1957 þröngvað stúlkunni X til holdlegs samræðis og það brot talið varða við 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940. Til vara er ákærði sakaður um að hafa með tilraun til nauðgunar brotið gegn 1. mgr. 194. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940. Héraðsdómari þingaði því næst í málinu hinn 5. september s. á., og var þá skipaður sækjandi málsins Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður og verjandi ákærða Benedikt Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður. Hinn 12. s. m. ritaði verjandi ákærða héraðsdómara og fór þess á leit, að framhaldsrannsókn yrði háð í málinu, m. a. samprófun vitnisins X og ákærða. Færi sú samprófun ekki fram, krafðist

verjandi frávísunar málsins frá sakadóminum vegna löglausrar meðferðar þess, sbr. fyrrgreind samningsákvæði og lög nr. 110/1951. Þá óskaði verjandi þess, að honum yrði „hið allra fyrsta tilkynnt, hvort sannprófun þessi muni fram fara“. Er þingað var í málinu hinn 26. október 1957, var greint bréf verjanda lagt fram og svo umsögn sækjanda, dagsett 5. október 1957. Mótmælir sækjandi „því, að nokkrar aðstæður eða ástæður réttlæti það, að samprófunar sé nú leitað á framburðum nefnds vitnis og ákærða“. Eftir að nokkur framhaldsrannsókn hafði verið framkvæmd í málinu að öðru leyti, sendi héraðsdómari hinn 19. nóvember 1957 Dómsmálaráðuneyti málið af nýju til umsagnar, sbr. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 27/1951. Með bréfi 3. desember s.l. afgreiddi ráðuneytið málið aftur til héraðsdómara. Ráðuneytið tekur í bréfi sínu eigi undir kröfu verjanda um samprófun þá, er að framan greinir, enda telur það skort slíkrar samprófunar ekki eiga að varða frávísun máls. Enn er þingað í málinu 11. desember 1957. Lýsti dómari því þá, að tilteknar kröfur verjanda, þar á meðal krafa hans um umrædda samprófun, yrðu ekki teknar til greina. Verjandi ítrekaði þá kröfu sína um frávísun málsins frá sakadómi, en sækjandi andmælti þeirri kröfu. Héraðsdómari hratt frávísunarkröfunni því næst með úrskurði 12. desember 1957. Verjandi hefur nú kært þann úrskurð með kærú 17. desember s.l., og hefur dómsmálaráðherra samþykkt kærúna með bréfi 24. s. m., sbr. 3. mgr. 124. gr. laga nr. 27/1951. Hæstarétti bærust skjöl málsins hinn 31. f. m.

Hinn 5. maí 1951 gerðu ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna með sér samning um varnir Íslands og dvöl herliðs frá Bandaríkjunum á Íslandi. Sömu aðiljar gerðu síðan hinn 8. maí 1951 viðbótarsamning um réttarstöðu greinds herliðs hér á landi. Samningum þessum var gefið lagagildi með lögum nr. 110/1951. Í viðbótarsamningnum er kveðið á um lögsögu Íslands og Bandaríkjanna, að því er tiltekin brotamál varðar, og réttindi og skyldur einstaklinga og stjórnvalda í því sambandi. Samkvæmt ákvæðum b-liðar 2. tl. 2. gr. samningsins er svo kveðið á, að íslensk stjórn-

völd hafi „lögsögu yfir mönnum í liði Bandaríkjanna, að því er varðar brot, sem framin eru á Íslandi og refsiverð eru að íslenskum lögum“. Í 9. tl. sömu greinar samnings þessa segir m. a. svo:

„Þegar maður í liði Bandaríkjanna eða maður úr skylduliði hans er sóttur til sakar og íslensk stjórnvöld fara með lögsögu, á hann rétt á því:

a. að rannsókn og saksókn sé hraðað . . .

c. að hann og vitni, sem bera gegn honum, séu samspurð“.

Samkvæmt greindum ákvæðum b-liðar 2. tl. og b-liðar 4. tl. 2. gr. samningsins bar lögsögu um sök þá, sem hér er um að tefla, undir íslensk stjórnvöld og íslenska dómstóla. Var málið því réttilega upp tekið á þeim vettvangi, enda væri gætt gildandi lagaboða um meðferð málsins, þ. á m. þeirra ákvæða 9. tl. 2. gr., sem að framan eru rakin. En á því hefur orðið mikill misbrestur. Á málinu hefur orðið óhæfilegur dráttur og rannsókn þess í ýmsum atriðum verið áfátt. En höfuðgalli er það á rannsókninni, að samprófun ákærða og stúlku þeirrar, er bar hann sökum, fórst fyrir. Hafa gild rök engan veginn verið færð að því, að sú sannprófun hefði eigi mátt takast. En þar sem stúlkan, sem eindregið hefur undan samprófun skorazt, er eigi hér á landi, og kröfum verjanda, er hér að lúta og áður er lýst, hefur í engu verið sinnt, þá þykir, eins og nú er komið, skorta skilyrði til þess, að dómur verði lagður á sakarefni. Verður málinu því vísað frá héraðsdómi og allur kostnaður málsins í héraði og fyrir Hæstarétti lagður á ríkissjóð, þar á meðal laun sækjanda, kr. 3500.00, og laun verjanda, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun sækjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00, og laun verjanda, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1957.

Ár 1957, fimmtudaginn 12. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnsyni, kveðinn upp úrskurður í málinu ákærvaldið gegn Y. Af hálfu ákærða hafði þess verið krafizt, að málinu yrði vísað frá dómi, og var málið tekið til dóms eða úrskurðar í gærdag.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 27. ágúst s.l. Það er risið af kæru enskrar stúlku, X, er var á ferð hér í sumar, en hún kvaðst hafa orðið fyrir nauðgun eða nauðgunartilraun af hálfu ákærða, Y, höfuðsmanns í flugher Bandaríkjanna, að kveldi hins 13. júlí. Rannsókn í málinu hófst næsta dag, 14. júlí, og þann dag og hinn 15. s. m. kom X fyrir dóm, en hún fór úr landi að morgni hins 16. júlí og hefur ekki komið hingað síðan.

Í framburði sínum greindi ákærða og vitnið X mjög á í meginatriðum. Þau voru þó eigi samprófuð. Var sú ástæða til þess, að vitnið var mjög miður sín og tók yfirheyrslurnar mjög nærri sér. Sérstaklega var hún skelfd, ef á það var minnzt, að hún þyrfti að koma fyrir dóm með ákærða. Taldi dómarrinn engan veginn á það hættandi með tilliti til heilsu hennar að láta samprófun fara fram, eins og á stóð, og ekki þótti fært að hindra brottför vitnisins úr landi um ófyrirsjáanlegan tíma.

Verjandi ákærða hefur borið fram kröfu um, að málinu verði vísað frá dómi, með því að ekki hafi verið gætt skýlausra fyrir-mæla c-liðs 9. tl. 2. gr. fylgiskjals II með lögum nr. 110/1951.

Dómarrinn lítur svo á, að það geti aldrei varðað frávísun máls frá dómi, að ekki hafi verið gætt ákvæða laga um samprófanir, en í þessu tilfelli verður að telja, að það hafi verið löglegt að láta samprófun undan fallast, samanber það, er áður var rakið. Samkvæmt þessu verður frávísunarkrafan ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa ákærða verður ekki tekin til greina.
